

## Leiðbeiningar um skráningu ófrjósemisaðgerða

[Ný lög um ófrjósemisaðgerðir tóku gildi þann 15. maí 2019.](#) Af því tilefni gefur Embætti landlæknis út leiðbeiningar um skráningu ófrjósemisaðgerða.

### Útgáfu umsóknareyðublaðs er hætt

Í nýju lögunum kemur fram að ófrjósemisaðgerð er heimil að ósk einstaklings sem náð hefur 18 ára aldri en markmið laganna er að „...tryggja einstaklingum sjálfsforræði til að taka ákvörðun um ófrjósemisaðgerð“. Er í nýju lögunum hvorki gert ráð fyrir samþykki læknis né undirritun sjúklings á þar til gert umsóknareyðublað eins og verið hefur. Útgáfu eyðublaðanna hefur því verið hætt og ekki þarf lengur að skila þeim til Embættis landlæknis. Hver heilbrigðisstofnun / sjálfstætt starfandi sérfræðingur getur þó sett sér sínar verklagsreglur um upplýst samþykki sjúklings en lögin gera ekki kröfu um sérstakt form, frekar en hvað aðrar aðgerðir varðar.

Í stað þess að halda sérstaka ópersónugreinanlega skrá um ófrjósemisaðgerðir mun landlæknir héðan í frá byggja upplýsingar um þessa tegund heilbrigðisþjónustu á skráðum sjúkdómsgreiningum og aðgerðakóðum úr sjúkraskrákerfum. Til þess að gögn um ófrjósemisaðgerðir fullnægi upplýsingapörf embættisins þarf að gæta að því að skráning á heilbrigðisstofnunum og hjá sjálfstætt starfandi sérfræðingum sé samræmd og viðeigandi kóðar notaðir.

### Skráning ófrjósemisaðgerða

Landlæknir gefur heilbrigðisstofnunum og heilbrigðisstarfsmönnum fyrirmæli um tiltekna lágmarksskráningu upplýsinga þegar einstaklingar leita heilbrigðisþjónustu. Samkvæmt lágmarksskráningartilmælum skal skrá sjúkdómsgreiningar í samræmi við gildandi útgáfu ICD-10 og aðgerðir eftir Norrænni flokkun aðferða og aðgerða í skurðlækningum, NCSP eða NCSP-IS. **Við skráningu á ófrjósemisaðgerðum skal ávallt skrá bæði sjúkdómsgreiningu og aðgerðarkóða.**

### Sjúkdómsgreining

Við skráningu á ófrjósemisaðgerðum skal nota ICD-10 sjúkdómsgreiningarkóðann **Z30.2 Ófrjósemisaðgerð. Vistun til þess að rofnar verði legþípur eða sáðrásir / Sterilization. Admission for interruption of fallopian tubes or vasa deferentia.** Á þessi greining við um bæði karla og konur.

## Aðgerð

Við skráningu á ófrjósemisaðgerðum á **körlum** skal nota eftirfarandi NCSP eða NCSP-IS aðgerðakóða:

Aðgerð	Kóði í NCSP flokkunarkerfinu	Kóði í NCSP-IS flokkunarkerfinu
-Sáðrásarnám eða bundið fyrir sáðrás báðum megin - <i>Bilateral vasectomy or ligature of vas deferens</i>	KFD 46	KFSD 46

Við skráningu á ófrjósemisaðgerðum á **konum** skal nota eftirfarandi NCSP eða NCSP-IS aðgerðakóða eftir því sem við á:

Opin aðgerð, til dæmis við keisaraskurð	Kóði í NCSP flokkunarkerfinu	Kóði í NCSP-IS flokkunarkerfinu
-Ófrjósemisaðgerð með því að binda fyrir eggjaleiðara - <i>Sterilisation by ligature of Fallopian tubes</i>	LGA 00	LGSA 00
-Ófrjósemisaðgerð með því að eyða úr eggjaleiðurum eða sundurhluta þær - <i>Sterilisation by destruction or division of Fallopian tubes</i>	LGA 10	LGSA 10
-Ófrjósemisaðgerð með reyringu eggjaleiðara. Inniheldur: Notkunar klemma, hringa og fleira - <i>Sterilisation by constriction of Fallopian tubes. Includes: Application of clips, rings etc.</i>	LGA 20	LGSA 20
Ófrjósemisaðgerð á konu, önnur ótalin Ef brottnám eggjaleiðara þá skráist einnig LBE 00 / LBSE 00 - <i>Other female sterilisation.</i> <i>If salpingectomy then also LBE 00 / LBSE 00</i>	LGA 96 +/- LBE 00	LGSA 96 +/- LBSE 00

Kviðsjáraðgerð	Kóði í NCSP flokkunarkerfinu	Kóði í NCSP-IS flokkunarkerfinu
-Ófrjósemisaðgerð með því að eyða úr eggjaleiðurum eða sundurhluta þær í kviðarholsspeglun - <i>Laparoscopic sterilisation by destruction or division of Fallopian tubes</i>	LGA 11	LGSA 11
-Ófrjósemisaðgerð með reyringu eggjaleiðara í kviðarholsspeglun - <i>Laparoscopic sterilisation by constriction of Fallopian tubes</i>	LGA 21	LGSA 21
-Ófrjósemisaðgerð á konu í kviðarholsspeglun, önnur ótalin Ef brottnám eggjaleiðara í kviðarholsspeglun þá skráist einnig LBE 01 / LBSE 01 - <i>Other laparoscopic female sterilisation</i> <i>If laparoscopic salpingectomy then also LBE 01 / LBSE 01</i>	LGA 97 +/- LBE 01	LGSA 97 +/- LBSE 01

Legspeglun	Kóði í NCSP flokkunarkerfinu	Kóði í NCSP-IS flokkunarkerfinu
-Ófrjósemisaðgerð í legspeglun. Með lokun, til dæmis með inndælingu fjölliðu í legpípu - <i>Hysteroscopic sterilisation. By occlusion, e.g.: Polymer injection into Fallopian tubes</i>	LGA 22	LGSA 22
-Ófrjósemisaðgerð í speglun um eðlilegt eða tilgert líkamsop, önnur ótalin - <i>Other transluminal endoscopic sterilisation</i>	LGA 98	LGSA 98